



LAGNING BÚÐAFOSSVEGAR MILLI ÞJÓRSÁRDALSVEGAR OG LANDVEGAR

Viðaukar J og K við matsskyldufyrirspurn

17.11.2025



VIÐAUKAR

Viðauki J Fornleifauppgröftur á tóft við Markamýri, Vindás

Viðauki K Staðfesting Minjastofnunar

VIÐAUKI J

FORNLEIFAUPPGRÖFTUR Á TÓFT VIÐ MARKAMÝRI, VINDÁS

Tóftin við Markarmýri

Uppgröftur á tóft í Vindási í Landmannahreppi
í vegstæði Búðafossvegar



Stefán Ólafsson

FS983-23231

Fornleifastofnun Íslands ses

Reykjavík 2024



*Tóftin í sól og bliðu við lok rannsóknar. Umhverfis hana
má sjá pælar þar sem torfið í hana hefur verið sótt.
Ljósmynd: Ragnheiður Gló Gylfadóttir/FSÍ*

© Fornleifastofnun Íslands ses
Bræðraborgarstíg 9
101 Reykjavík
Sími: 551-1033
Veffang: fsi@fornleif.is

Efnisyfirlit

Grunnupplýsingar	4
Staðsetningarkort	5
Útdráttur	6
Inngangur	7
Saga og fyrri rannsóknir	8
Markmið og framkvæmd	9
Aðferðafræði	9
Fundir	9
Jarðvegssýni	10
Rannsóknin	10
Lokaorð / niðurstöður	17
Heimildir	22
Viðaukar	23
Fundaskrá.	25
Sýnaskrá.	25
Ljósmyndaskrá.	26

Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer: 202211-0006

Þjóðminjasafnsnúmer (ÞJMS): 2023-18

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrsluna: RA-444:046 sjá: Ragnheiður Gló Gylfadóttir (rit.) (2022). Fornleifaskráning: Búðafossvegur. FS895-22291. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses, bls. 20 og Lilja Laufey Davíðsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir (2023). Fornleifarannsókn vegna lagningu Búðafossvegar. Í landi Vindáss og Minnivalla í Rangárþingi ytra og Skaftholts í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. FS933-22451. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses, bls. 17

Stutt lýsing rannsóknar: Fullnaðaruppgröftur á stakri tóft til að úrskurða um umfang hennar og gerð ásamt aldri og eðli.

Tegund rannsóknar: Framkvæmdarannsókn

Ástand fornleifa við lok rannsóknar: Tóftin var grafin upp í heild sinni. Litlir skurðir grafnir í veggi hennar og botn til að tryggja vitneskju að hún væri ekki byggð á eldri minjaleifum. Tóftin mun víkja vegna framkvæmda sem fyrirhugaðar eru á svæðinu.


Staðsetning: Vindás, Landmannahreppur, Holta- og Landssveit, Rangárþing ytra, Rangárvallasýsla.

GPS hnit: A: 438683 N: 390008

Rannsóknartími: 29. maí – 9. júní 2023

Leyfishafi: Stefán Ólafsson

Fjöldi starfsmanna: Fjórir starfsmenn unnu við verkefnið á vettvangi.



Útdráttur

Til stendur að leggja veg sem tengir saman Holta- og Landsveit við Skeiða- og Gnúpverjahrepp með brú yfir Þjórsá. Fyrirhugað vegstæði liggur yfir tóft RA-444:046 sem þarf að víkja í kjölfarið en sem mótvægisáðgerð för Minjastofnun Íslands fram á að hún yrði rannsökuð með heildaruppgrefti. Tóft RA-444:046 reyndist eingöngu hlaðin úr torfi og var hún 9,6 x 5 m að stærð. Veggir voru um 80 cm að breidd og 25-30 cm á hæð. Ekkert op virðist hafa verið á tóftinni nema að upphaflegi prufuskurðurinn hafi verið grafinn nákvæmlega þar sem opið gæti hafa verið en það verður þó að teljast ósennilegt. Sé það rétt að ekkert op hafi verið á tóftinni er ólíklegt að mannvirkið hafi verið ætlað skepnum. Veggir voru frekar þunnir og eingöngu úr torfi sem gerir skepnuaðhald einnig ósennilegt. Helst má ætla að um heystæði hafi verið að ræða eins og upphafleg túlkun gerði ráð fyrir.¹ Tóftin var byggð skömmu eftir að gjóska úr Kötlu féll 920. Við norðurskammhlið tóftar mátti greina 2-3 cm af jarðvegssuppsöfnun á milli gjósku K-920 og veggjar sem gefur til kynna að einhver tími hefur liðið frá því að gjóskan féll og farið var í það að hlaða veggina. Yfir vegghruni og tóft voru svo tvö gjóskulög úr Heklu, annað frá 1104 og hitt frá 1158. Tóftin er því frá fyrstu öldum byggðar á Íslandi.² Sem heystæði er tóftin merkileg út frá stærð og aldri. Þekking á heystæðum frá fyrstu öldum byggðar á Íslandi hefur verið mjög takmörkuð til þessa og því mun sú þekking sem aflað var með þessari rannsókn koma að góðum notum í framtíðinni sem og veita betri innsýn inn í lífshætti á fyrstu öldum hérlendis.

Lykilorð

Vindás, Landmannahreppur, Rangárvallasýsla, fornleifar, úthagaminjar, tóft, heytóft, 10.- 11. öld, gjóska, K-920, H-1158, H-1104.

Abstract

Proposed roadworks between Holta- & Landsveit and Skeiða- & Gnúpverjahreppur with a bridge across Þjórsá will have a destructive effect on ruin RA-444:046 located on the farm of Vindás in Holta- & Landsveit. Due to this the Icelandic Heritage Agency of Iceland (Minjastofnun Íslands) called for the complete excavation of the archaeology. The investigation revealed a turf-built structure, 9.6 x 5 m in size with walls c. 80 cm wide and 25-30 cm high. It was not possible to see any indication of an entrance into the structure, unless the trial trench from 2022 had been cut exactly into the opening, however that seems highly unlikely. No postholes nor postpads were found in the ruin, and no indication of a roof or floor layers. It must be considered rather unlikely that the structure was intended for animals. The most likely interpretation is that it was used for hay storage, as the original interpretation assumed. The structure post-dated K-920 and was abandoned by the time the H-1104 fell. It can therefore be stated the the structure was built and in use in the in 10th - 11th century.

Keywords

Vindás, Landmannahreppur, Rangárvallasýsla, fornleifar, úthagaminjar, tóft, heytóft, 10.- 11. öld, gjóska, K-920, H-1158, H-1104.

1 Ragnheiður Gló Gylfadóttir (rit.) (2022), bls. 20.

2 Lilja Laufey Davíðsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir (2023), bls. 49.



Mynd 2. Hér er horft til norðurs, út Vindásnesið í áttina að Þjórsá, eftir fyrirhuguðu vegstæði. Á myndinni má sjá hvernig tóftin og svæðið umhverfis hana leit út þegar hún var skráð 2022. Hún hefur að nær öllu leyti samlagast umhverfi sínu og ber ekki mikið á henni.

Inngangur

Til stendur að leggja nýjan veg sem tengja mun Landsveit og Skeiða- og Gnúpverjahrepp með brú yfir Þjórsá og á þessu nýji vegur að nefnast Búðafossvegur (sjá staðsetningarkort bls. 5). Að þessu verkefni koma Vegagerðin og Landsvirkjun sem ákváðu það í samráði við Minjastofnun Íslands að uppfæra eldra umhverfismat sem gert hafði verið 2009. Við þetta nýja umhverfismat var fyrirhugað vegstæði deiliskráð 2022 en við þá vinnu fannst tóft RA-444:046 sem hér verður til umfjöllunar.³ Eftir að í ljós kom að umrædd tóft væri í vegstæðinu fór Minjastofnun Íslands fram á að tóftin yfir rannsókuð með könnunarskurði til að komast að aldri hennar og eðli.⁴ Könnunarskurður var grafinn í tóftina í nóvember 2022 og kom þá í ljós að tóftin myndi vera mjög forn eða frá 10-11. öld.⁵ Þegar þær niðurstöður lágu fyrir ákvað Minjastofnun Íslands að óska eftir því að tóftin yrði grafinn upp í heild sinni⁶ og var það gert á tímabilinu frá 29. maí – 9. júní 2023. Að verkinu komu fornleifafræðingarnir Kristjana Vilhjálmsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir Beck og Stefán Ólafsson sem einnig var leyfishafi. Einn fornleifafræðinemi kom að verkefninu líka, Agla Geirlaug Ringsted. Verkefnið var að öllu leyti fjármagnað af Vegagerðinni /Landsvirkjun - Búrfellsvirkjun

3 Ragnheiður Gló Gylfadóttir (rit.) (2022).bls. 7 og 20.

4 MÍ202210-0086/ 6.09 / U.Æ.

5 Lilja Laufey Davíðsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir (2023), bls. 49.

6 MÍ 202304-0082/8.02/U.Æ.


Saga og fyrri rannsóknir.

Engar heimildir eða önnur þekking var til staðar um tóft RA-444:046 áður en en hún var skráð 2022 við úttekt Fornleifastofnunar Íslands á fyrirhuguðu vegstæði Búðafossvegur.⁷

Vinna við vegagerð um Vindás sem tengja mun Rangárþing ytra við Skeiða- og Gnúverjahrepp með brú yfir Þjórsá er ekki ný af nálinni. Upphaflega hófst þetta verkefni 2009 en þá leitaði Verkfræðistofa Suðurlands og Landsvirkjun fyrir hönd Vegagerðarinnar til Bjarna F. Einarssonar hjá Fornleifafræðistofunni um að athuga með minjar sem yrðu í hættu vegna framkvæmdanna við vegagerðina. Þá var áætlað að umræddur vegur yrði nefndur Árnesvegur.⁸ Síðan þá hafa nokkrar breytingar

átt sér stað, bæði á vegstæðinu en einnig á þeim kröfum sem gerðar eru til fornleifaskráningar og því ákvað Vegagerðin og Landsvirkjun í samráði við Minjastofnun Íslands að uppfæra umrædda úttekt á vegstæðinu 2022 og leitaði þá til Fornleifastofnunar Íslands ses.⁹

Vindásjörðin var aðalskráð ásamt nágrannajörðum sínum á árunum 2012-2013 og kom skýrsla út um þá vinnu 2020.¹⁰ Þegar jarðir eru aðalskráðar er farið yfir mjög víðfemt svæði en gengið á alla líklega staði í leit að fornleifum þar sem örnefni eða ábendingar frá kunnugum valda því að líkur eru taldar á að fornleifar kunni að vera. Við slíka vinnu eykst þekking á minjum og minjaheildum innan hvers svæðis til muna en sjaldan er hægt að ætla að slík skráning sé altæk. Það var því eðlileg tilmæli frá Minjastofnun Íslands, þegar Vegagerðin ásamt Landsvirkjun hóf aftur hönnunarvinnu við fyrirhugað vegstæði, að fara fram á nýja deiliskráningu á svæðinu svo að þekking á því væri með besta móti áður en óafturkræfar breytingar innan þess ættu sér stað. Við deiliskráningu er afmarkað svæði þaulgengið og við þá vinnu fannst tóft RA-444:046 ásamt fleiri minjum sem ekki höfðu verið skráðar áður.¹¹ Í kjölfarið á deiliskráningunni fór Minjastofnun Íslands fram á að grafnir yrðu könnunarskurðir í þær minjar sem yrðu fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda og sá Fornleifastofnun Íslands ses einnig um þá vinnu.¹² Það verkefni fól í sér að grafnir voru fimm könnunarskurðir í jafnmargar minjar og þar af var einn grafinn í tóft RA-444:046. Niðurstöður þeirrar rannsóknar leiddu til þess að Minjastofnun Íslands fór fram á að fullnaðarrannsókn yrði gerð á tóft RA-444:046 og er þessi skýrsla afrakstur þeirrar rannsóknar.



Mynd 3. Uppmæling af tóft RA-444:046 eins og hún var skráð við deiliskráningu sumarið 2022

7 Ragnheiður Gló Gylfadóttir (rit.) (2022), bls. 20.

8 Bjarni F. Einarsson (2009), bls. 3.

9 Ragnheiður Gló Gylfadóttir (rit.) (2022), bls. 7.

10 Kristborg Þórsdóttir (ritst.) (2020).

11 Ragnheiður Gló Gylfadóttir (rit.) (2022), bls. 23.


12 Lilja Laufey Davíðsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir (2023).

Markmið og framkvæmd

Eins og fram kom hér að framan fór Minjastofnun Íslands fram á fullnaðarrannsókn á tóft RA-444:046 til að afla upplýsinga um umfang, gerð hennar og eðli. Byrjað var á því að fjarlægja öll yfirborðsjarðlög ofan af tóftinni með vélgröfu og svæði opnað sem var um 93 fm² að stærð. Þegar búið var að afhjúpa efstu mannvistarlögin með vélgröfunni var uppgreftri haldið áfram með handverkfærum. Mannvistarlögin voru skráð með Topcon FC-5000 alstöð og svo var unnið með þær uppmælingar í Qgis landupplýsingahugbúnaði. Við lok rannsóknar var tóftin ljósmynduð svo að hægt væri að búa til þrívíddarmódel af henni í Agisoft og þá var tóftin einnig ljósmynduð með flygildi. Minjasvæðið var ekki hulið jarðvegi að rannsókn lokinni þar sem minjarnar munu víkja fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum.

Aðferðafræði

Uppgröftur og skráning mannvistarlaga fylgir svokallaðri einingaaðferð (e. single context recording), sem lýst er í uppgrafterhandbók Fornleifastofnunar Íslands.¹³ Hún felur í sér að hugsað er um hvert mannvistarlag (t.d. jarðlag, holu, gröf, eða byggingahluta) á minjasvæði sem einstakan atburð (einingu/context) í uppbyggingu þess. Hver eining er skráð, teiknuð, hæðarmæld og ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Á meðan á uppgreftri stendur eru einingarnar



Mynd 4. Einfölduð skýringarmynd sem sýnir hvernig einingakerfið er hugsað og set upp.

færðar jafnóðum inn í flæðirit (e. Harris Matrix), sem heldur utan um aldursröð þeirra sem og annað samhengi þeirra á milli. Gerir flæðiritið, þeim sem grefur, kleift að halda góðri yfirsýn yfir uppbyggingu þess minjasvæðis sem unnið er á. Oft getur verið flókið að ráða í samhengi á milli mannvistarlaga og því eru einingar sem þykja eiga saman á einhvern hátt, eins t.d. þær sem taldar eru tilheyra sama notkunarskeiði, settar saman í hóp sem fær númer úr sömu röð og einingarnar sjálfar. Þegar kemur síðan að því að lýsa niðurstöðum uppgrafter í rituðu máli er vísað í númer eininga og hópa þar sem það á við. Notast er við Harris Matrix Composer sem er forrit sérhannað til að halda utan um slík gögn (Harrismatrixcomposer.com).

Fundir (gripir, dýrabein og fl.)

Fundir, eins og t.d. gripir, sem finnast við uppgröft er mikilvægur gagnaflokkur þar sem þeir geta m.a. gefið góða vísbendingu um aldur mannvistarlaga eða hlutverk bygginga. Eru þeir einnig allir númeraðir í hlaupandi númerakerfi. Ekki finnast allir fundir í samhengi, þar sem

¹³ Lucas, Gavin. (2003).

sumir koma fram við hreinsun á uppgriftarsvæði en þegar vitað er úr hvaða mannvistarlögum þeir koma, eru einingánúmer mannvistarlaganna hengd við þá og fylgja þeim gegnum allt úrvinnsluferlið.¹⁴ Einn fundur var skráður við rannsóknina sem var dýrstönn sem talin var vera úr sauðkind <2023-18-1>. Greining á þessum fundi mun ekki geta varpað frekara ljósi á minjarnar sem hér eru til umfjöllunar og verður honum því fargað að rannsókn lokinni.

Jarðvegssýni

Jarðvegssýni eru tekin úr mannvistarlögum til ýmissa greininga þar sem þurfa þykir. Fá jarðvegssýnin einnig einstök númer í hlaupandi númerakerfi og eru þau númer tengd einingánúmerum þeirra mannvistarlaga sem sýnin koma úr. Veltur stærð sýnanna á því í hvaða tilgangi þau eru tekin hverju sinni. (skordýragreining, sníkjudýragreining, frjókornagreining, efnagreining, þurr- eða blautsigtun o.s.frv.).

Við vettvangsrannsókninna voru fjögur jarðvegssýni tekin til frekari greiningar ef til þess kæmi að þau gætu varpað frekara ljósi á eðli og aldur mannvistarleifanna. Þetta var eitt gjóskusýni <1> og þrjú örformgerðarsýni <2>, <3> og <4>. Þar sem niðurstöður rannsóknarinnar þóttu nokkuð öruggar og óvíst að greining á umræddum sýnum myndu bæta neinu við var ákveðið að greina þau ekki og farga í lok rannsóknar.

Rannsóknin

Tóft RA-444:046 var um 860 m norðvestan við bæjarhólinn á Vindási og sást til bæjar frá tóftinni. Hún var í grösugu mýrlendi sem einkennist nokkuð af ávölum hólum og skvompum. Um þetta land þurfti að fara með þunga vélgröfu til að taka öll yfirborðslög [001] af tóftinni og því þurfi að velja vel leiðina sem vélgrafan fór. Með vélgröfunni var grafið alveg þangað til að glitta tók í efstu jarðlög með mannvist í en þá var gripið til handverkfæra og tóftin grafin fram með þeim.

Yfirborðslagið [001] var um það bil 40-50 cm á þykkt. Undir því voru að stórum hluta vindblásin torfhrunslög [002, 003, 004, 005, 006 og 007, 010, 011, 017 og 021] sem huldu tóftina en einnig voru skráð fimm torfhrunslög úr tóftinni [008, 009, 012, 013 og 027]. Tóftin reyndist vera 9,6 m að lengd og 5 m að breidd. Hún sneri norð-norðvestur og suð-suðvestur og reyndist eingöngu hlaðin úr torfi. Torfveggirnir [023] voru um 80 cm að breidd og 25-30 cm á hæð. Ekki var hægt að greina með öruggum hætti aðrar gerðir hleðslutorfs en streng í vegg hleðslum. Hleðslutorfið var þykkt og gott og veggir vel hlaðnir, horn og hliðar vel skarpar og í merkilega góðu ástandi miðað við aldur. Það var helst vesturveggurinn sem hafði látið á sjá en hluti af honum [009] hafði alveg færst úr stað og var eins og stykki hafi brotnað eða þrýst út úr hleðslunni. Það má leika sér með þá hugmynd að það hafi gerst meðan tóftin var enn í notkun. Einungis voru skráð tvö vindblásin torfhrunslög [002 og 010] innan


14 Lucas, Gavin. (2003).




Mynd 5 Hér er horft til suðurs yfir uppgraftarsvæðið. Fremst á myndinni má sjá glitta gamla þjóðleið RA-681:011 sem nefnist Skógargötur og til hægri við uppgraftarsvæðið stendur tjaldið sem vinnuflokkurinn hafði athvarf í á meðan vinnu stóð. Ljósmynd: Ragnheiður Gló Gylfadóttir / FSÍ

veggja tóftarinnar sem samanlagt hafa verið um 40-50 cm á þykkt. Ekki var hægt að greina nein gólfög undir þeim og þá fundust ekki heldur neinar stoðarholur né stoðarsteinar í eða á tóftarbotninum. Torfhrunslögin [002 og 010] voru þar að auki ekki talin þess eðlis að um hrun úr þekju væri um að ræða og því má draga þá ályktun að ekkert þak hafi verið á tóftinni.

Við lok vettvangsrannsóknar voru nokkrir litlir skurðir grafnir í gegnum vegg og botn tóftar, meðal annars til þess að athuga hvort eldri minjar leyndust undir tóftinni. Engar vísbendingar um eldri mannvist sáust í þeim en af skurðum mátti greina ummerki þess að svæðið hafi verið sléttað eða jafnað áður en farið var að hlaða veggina [023]. Út frá því hvernig jarðlagasyrpan leit út mátti áætla að yfirborðið hafi verið nokkuð þýft og þá þótti einnig nokkuð greinilegt að landið hafi hækkað til suðurs en verið skorið þannig



Mynd 6. Efstu jarðlögin voru grafin í burt með vélgröfu og svo var það sem eftir var af þeim hreinsað burt með handverkfærum. Hér er búið að afhjúpa efstu jarðlögin með mannvist í. Nokkurn veginn fyrir miðri mynd er könnunarskurðurinn sem grafinn var 2022 fullur af vatni.



Mynd 7. Hér fyrir ofan er skipurit sem sýnir tengslin milli jarðvegseininganna.


að grunnur veggjanna væri sem jafnastur. Þetta sást meðal annars á því að suðurgaflinn var byggður beint ofan á landnámslaginu en við norðurgaflinn voru 12-16 cm niður á landnámsgjóskuna. Ummerkin um þessa sléttun voru mjög greinileg innan tóftarinnar vegna þess að jarðvegurinn ofan á landnámslaginu, sem var efst í botni tóftarinnar syðst, var mjög rauðleitur og þykknaði alltaf meira eftir því sem norðar dró. Í þessum rauða jarðvegi sem tóftin var byggð á var einnig óhreyft gjóskulag frá Kötlu 920.¹⁵ Torfið sem var skorið til að jafna svæðið hefur síðan verið nýtt í vegghleðslurnar ásamt því efni sem sótt hefur verið í svæðið utan tóftar en þar fundust fjórar pælar [015=020, 024, 025 og 028]. Fyllingin í pælum [015=020] og [025] voru að einhverju leyti byggingarlög [014 =018 og 019], þ.e. mannvistarlög sem verða til þegar verið er að vinna með torfið, snyrta það til og laga en í pælu [028] var einnig lífrænt fjóluþlútt jarðlag. Fyllingin í pælu [024] var ekki skráð sérstaklega þar sem bara var um að ræða sambærilegt efni og var við norðurgaflinn [017] sem var vindblásið

15 Lilja Laufey Davíðsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir (2023), bls. 49.



Mynd 8. Við suðvesturhornið á tóftinni mátti greina páför [022].


torfhrun. Torfhleðslumaðurinn hefur hugsanlega valið að gera að torfinu utan við suðurgaflinn á tóftinni því þar fannst nokkuð þykkt byggingarlag [016] sem var allt að 15 cm þykkt. Það var því einstaklega skemmtilegt að nokkur páför [022] skyldu einnig finnast utan við suðvesturhornið og vestan við byggingarlagið sem hafa kannski orðið til þegar tóftarsmiðurinn stakk pálnum í jörð til að hafa frjálssar hendur við sjálfa hleðsluna (sjá mynd 8).




Mynd 9. Tóftin hefur verið tiltölulega einföld, um 9,6 m að lengd og 5 m að breidd. Umhverfis hana fundust ummerki eftir fjórar pælur sem voru almennt um 15-25cm á dýpt




Mynd 10: Myndin sýnir þverskurð sem grafinn var í gegnum austur langhliðina á tóftinni. Þverskurðurinn sýnir að fjögur til fimm umförf af streng hefur farið í hleðsluna.



Mynd 11. Þversnið af skurði / pælu [015] og staðsetningarkort sem sýnir hvar þverskurðarteikningin var mæld




Mynd 12. Þversnið af skurði / pælu [015] og staðsetningarkort sem sýnir hvar þverskurðarteikningin var mæld



Mynd 13. Þversnið af skurði / pælu [025] og staðsetningarkort sem sýnir hvar þverskurðarteikningin var mæld

Tóftin er tiltölulega einföld og allt sem tengist henni líka. Aðeins var skráður einn fundur við rannsóknina sem var tönn úr sauðkind <2023-18-1> og fannst hún í vindblásnu torfhrunslagi [002] sem myndast hefur nokkru eftir að hætt var að nota tóftina. Ekki var hægt að greina neina viðgerð á tóftinni né viðhald og verður að álykta sem svo að einungis sé um eitt byggingarskeið að ræða.

Til að átta sig á hlutverki tóftarinnar verður hér sérstaklega horft til veggjagerðar og útlits tóftar en einnig í hvaða umhverfi hún er. Ekkert op virðist hafa verið á tóftinni nema að prufuskurðurinn [029] sem grafinn var 2022 hafi verið grafinn nákvæmlega þar sem opið hafi verið. Ekkert kom þó í ljós við þessa rannsókn sem benti til þess og ekki heldur við




Mynd 14. Þversnið af skurði / pælu [015] og staðsetningarkort sem sýnir hvar þverskurðarteikningin var mæld

ransóknina við könnunarskurðinn 2022.¹⁶ Það verður því að teljast afar ósennilegt. Þá hefur það áður komið fram hér að framan að veggir voru frekar þunnir og eingöngu úr torfi sem gerir það að verkum að skepnuhald í tóftinni verður að teljast ósennilegt. Þær hefðu ekki verið nokkra stund að sparka þessum veggjum í sundur. Það eina sem virðist því koma til greina er að tóftin hafi verið byggð sem heystæði eins og upphafleg túlkun gerði ráð fyrir.¹⁷ Þó að það sé ekki nein fullnaðarsönnun þá má þó minnst á það hér að greinilegar heyleifar fundust í jarðvegseiningum [012] og [019].

Eins og þegar hefur komið fram var tóftin byggð ofan á landnámslaginu og einnig gjóskulagi frá Kötlu sem talið er að hafi fallið um 920. Um 2-3 cm af vindblásnu jarðlagi er á milli 920-gjóskunnar og vegghleðslunnar sem segir okkur að einhver tími hefur liðið frá því að gjóskan féll og þar til hafist var handa við að reisa veggina.¹⁸

Þessi gjóskulög eru einnig í torfinu sem toftin er hlaðin úr. Gjóskulög var einnig að



Mynd 15. Í skurðarsári pælu [025] mátti sjá járnrikan rauðan jarðveginn ásamt tveimur gjóskuböndum. Það efra er úr Kötlu 920 og það neðra tvílit landnámslagið frá Veiðivötnum 870-880.

16 Munnleg heimild: Lísabet Guðmundsdóttir (1 mars 2024).

17 Ragnheiður Gló Gylfadóttir (rit.) (2022), bls. 20.

18 Lilja Laufey Davíðsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir (2023), bls. 49.



Mynd 16: Hér er horft til norðvesturs. Skurðurinn fremst á myndinni er könnunarskurðurinn sem grafinn var 2022 en hinir skurðirnir voru grafnir í vegghleðlurnar eftir að rannsókn lauk til að skrá betur gerð þeirra og kanna undirlag þeirra.

finna fyrir ofan torfhrunið úr tóftinni og voru þau fimm talsins. Neðst af þeim voru tvö ljós gjóskulög frá Heklu sem talin eru hafa fallið 1104 og 1158 og ofar voru tvö sem munu vera frá Heklu 1693 og Kötlu 1721. Efst og næst grasrótinni var svo gjóskulag frá Kötlu sem féll 1918. Tvö gjóskulög, frá Kötlu 1500 og Heklu 1510 sem sjást oft við fornleifarannsóknir á Suðurlandi sáust hins vegar ekki.¹⁹ Gjóskulögin sem eru á svæðinu og innsigla tóftina gefa okkur því finna tímaramma á því hvenær hún var byggð, nýtt og hvenær hætt var að nota hana. Hún er byggð eftir 920, bara eitt byggingarskeið og komin úr nýtingu fyrir 1104. Hún mun því að öllum líkindum vera frá 10.-11. öld.²⁰

19 Lilja Laufey Davíðsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir (2023), bls. 49.

20 Lilja Laufey Davíðsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir (2023), bls. 49.

Lokaorð / niðurstöður

Það sem við vitum um tóft RA-444:046 í Vindási er að hún hefur verið hlaðin eftir 920 og komin úr notkun fyrir 1104. Það þýðir að tóftin gæti hafa verið nýtt á um 180 ára löngu tímabili. Þetta tímabil verður síðan enn skemmra þegar horft er til þess að gjóskan frá Heklu sem féll 1104 innsiglar torfhrunið frá tóftinni sem þýðir að hún hefur að öllum líkindum verið farin úr notkun þónokkru fyrir. Hún var 9,6 m að lengd og 5 m að breidd og grunnurinn fyrir hana var sléttaður. Vegghleðslurnar voru hlaðnar úr streng og voru almennt um 80 cm að breidd og 25-30 cm á hæð. Allt við gerð hennar bendir til þess að vandað hafi verið til hennar og ekkert til sparað. Engar stoðarholur né stoðarsteinar fundust innan veggja hennar og þá má telja víst að það torfhrun sem fannst við tóftina



Mynd 17. Sólveig, Agla og Kristjana við vinnu utan við suðvesturhorn tóftarinnar.

var eingöngu hrun úr veggjum og því mun aldrei hafa verið þak á henni. Ekkert op virðist hafa verið á tóftinni og þá var ekki hægt að greina neina viðgerð á henni eða breytingu. Hún mun því að öllum líkindum bara hafa verið eitt byggingarstig. Umhverfis hana var grösugt deiglendi sem er einkennist nokkuð af smáum ávölum hæðum og blautum lautum. Út frá gerð tóftar og því umhverfi sem hún var í er sennilegast að hún hafi verið byggð og nýtt sem heystæði. Heystæði er stakstæð tóft eða pallur hlaðinn úr torfi til að geyma hey sem hafði verið aflað um sumar fram á vetur. Þessum tóftum var þá oftast valinn staður á hól eða hæð í nágrenni við engi sem var heyjað. Þegar búið var að koma heyinu fyrir í tóftinni var tyrft yfir til að skýla því fyrir veðrum og vindum. Heyið mátt svo sækja á sleða að vetrarlagi þegar snjór var yfir öllu.²¹

Eins og kom fram hér að framan var tóftin vel hlaðin og virtist hún einnig hafa verið í býsna góðu ástandi þegar hætt var að nota hana og því vakna upp spurningar af hverju var svo mikið lagt í byggingu tóftarinnar á sínum tíma og hún ekki nýtt til hins ýtrasta. Svæðið umhverfis kann að hafa breyst að einhverju ráði en það er samt enn mjög grösugt.

Tóftin var um 860 m norðvestan við bæinn, svo til á miðju Vindásnesi sem samkvæmt örnefnaskrá er einnig bara kallað Nes. Ekki er vitað hvað Vindásnesið nær langt til suðurs en sunnarlega á því er Markamýri og var umrædd tóft fast norðaustan við hana.²² Ekki er vitað um fleiri heystæði við þessa mýri. Um 20m norðan við tóftina liggur gömul þjóðleið sem nefnist Skógargötur RA-681:011 og mun þessi kafla leiðarinnar vera með blautari hlutum hennar²³ en frá tóftinni hefur mátt fylgja þessari leið heim að bæ að Vindási. Það má því

21 Hér í þessari skýrslu er gerður greinarmunur á heystæði sem eru stakstæð og heygarði sem var venjulega áfastur fjósi eða bæjarhúsum.

22 Örnefnaskrá Vindáss, bls, 6

23 Kristborg Þórsdóttir (ritst.)(2020), Bindi II, bls. 242..



Mynd 19. Þríviddarlíkan var gert af tóftinni í Agisóft af Garðari Guðmundssyni og er myndin hér að ofan stýlla af líkaninu.

segja að heystæðið hafi verið í þjóðleið. Markamýrin hefur ekki bara verið nýtt til heyskapar því um 235m sunnan við tóftina voru mógrafir RA-444:030 og um 250 m norðaustan við hana áveita RA-444:040. Þessarar áveitu er getið í örnefanlýsingu Vindáss en ummerki hennar fundust ekki við vettvangsleit og því er nákvæm staðsetning hennar nokkuð á reiki.²⁴ Þessar minjar munu þó líklega vera nokkuð yngri en sú tóft sem hér hefur verið rannsökuð en þá eru upptaldar þær landbúnaðarminjar sem þekktar eru á svæðinu. Það eina sem út af stendur eru leifar landamerkjagaráðs RA-444:034 sem var rúmlega 500m vestan við tóftina og huldufólksbústaður RA-444:033 sem var um 250m vestan við hana.

Tóftin var merkilega stór miðað við heystæði en þetta er þó fullyrt með þeim fyrirvara að frekar lítil áhersla hefur verið lögð á að rannsaka þessa tegund minja. Þetta mun þó vera annað heystæðið sem rannsakað hefur verið í nágrenni Þjórsár en hitt var tóft 4:5:2 í landi Þjótanda.²⁵ Heystæðin sem hafa verið rannsökuð eru samt nokkur þó að fæst af þeim



Mynd 18. Unnið að því að tæma uppgrafsarsvæðið af vatni sem safnast hafið í það í miklum rigningum. Ljósmynd: Agla Geirlaug Ringsted

24 Kristborg Þórsdóttir (ritst.)(2020), Bindi I, b. 331.

25 Bjarni F. Einarsson, Sandra Sif Einarisdóttir, Hrönn Konráðsdóttir & Þorvaldur Þórðarson (2008), bls. 43-45

hafi verið grafinn upp í heild sinni. Í töflunni hér á eftir má sjá stærð flestra þeirra heystæða sem hafa verið rannsökuð:

Staður / tóft	Stærð	Aldur
Þjótandi / 4:5:2	4,5 x 2,2	Fyrir 1700
Ráeyri / EY-012-020 svæði A	6 x 5*	Óþekkt/19. öld?
Ráeyri / EY-012-020 svæði B	3 x 2*	Óþekkt
Gásir í Eyjafirði / C1	6 x 6**	Eftir 1300
Bakki Tjörnesi / SP-312:038	5,5 x 4,5m***	Óþekkt
Vindás RA-444:046	9,6 x 5	10. -11. öld

* Á Ráeyri í Skútudal voru tvær tóftir rannsakaðar sem talið er að hefðu getað verið nýttar sem heystæði.²⁶ Þær voru báðar upphaflega skráðar undir sama númeri EY-012-020 ásamt fjórum öðrum.²⁷ Við uppgraffarrannsóknina var þeim skipt upp í svæði A og B. Tóftinni sem rannsökuð var á svæði B hafði hugsanlega verið haldið við, að minnsta kosti var talið að um tvö byggingaskeið væri að ræða en einungis var einn skurður grafinn í einn vegg tóftarinnar. Rannsóknin var lítil og upplýsingarnar sem fengust úr henni takmarkaðar og því er t.d. innanmál hennar ekki þekkt.²⁸ Ekki er heldur hægt að áætla með góðu móti innanmál hennar út frá skráningargögnunum því þar er hún sögð vera 6x5m að stærð en teikningin af henni sýnir bara einn vegg sem gæti hafa verið austurlanghlið tóftarinnar. Aðrar hliðar hennar virðast þá hafa verið orðnar það signar og útflattar að ekki hefur verið hægt að gera grein fyrir þeim.²⁹ Samkvæmt uppdraetti sem sýnir rannsóknarskurðinn á svæði B hefur veggheðsla mögulegs heystæðis verið milli 60-70cm á breidd það má því gróflega áætla að hólfi tóftarinnar hafi að lágmarki verið um 4m á lengd og um 2m á breidd. Eldra byggingarskeiðið á svæði B var ekki rannsakaður og þá reyndist ekki unnt að aldursgreina tóftina.³⁰ Tóftin sem rannsökuð var á svæði A var einnig talin hafa verið tveggja fasa en hún mun upphaflega verið byggð sem stekkur sem síðar var breytt í heystæði. Það heystæði var 3x2m að innanmáli sem ætla má að sé hvað almennast. Svo virðist sem grjóti hafi hugsanlega bara verið notað í annað heystæðið.

** Við Gása í Eyjafirði var heystæði rannsakað sem var á yfirborði um 6 x 6 m að stærð. Aðeins lítill hluti tóftarinnar var rannsakaður með uppgrefti en þær niðurstöður sem komu í ljós sýndu að lítill metnaður hafi verið lagður í veggheðslurnar sem voru þó um 130 cm að breidd. Þeim hafði einfaldlega bara verið mokað upp og svo tyrft yfir. Ekkert hleðslugrjót var í tóftinni sem virðist hafa verið hlaðin skömmu eftir 1300.³¹

*** Á Bakka á Tjörnesi var rannsökuð tóft SP-312:038 sem á yfirborði mældist um 5,5 x 4,5m að stærð. Hún var ekki öll grafinn upp frekar en hinar sem fjallað var um hér að framan heldur var bara grafinn í hana könnunarskurður. Í könnunarskurðinum mátti sjá merki um tvö notkunarskeið. Eldra skeiðið sem sennilega var frá 10.-11. öld var álitit vera einhvers konar mannvirki en virðist frekar benda til ristur en tóftin af heystæðinu sem sást á yfirborði var álitin vera frá 16. eða 17. öld. Veggheðslurnar voru úr lélegu torfefni, 50-40cm á breidd og ekki notast við grjót til að styrkja þær.³²

Allar þessar tóftir eiga það sameiginlegt að lítil vinna var lögð í gerð þeirra eða að eldri tóftum var breytt í heystæði. Veggir voru yfirleitt frekar veigalitlir, þeim hrúgað upp og ef um grjóthleðslur var að ræða í þeim voru þær úr eldri byggingarstigum. Tóftin í Vindási sker sig þar af leiðandi nokkuð úr þessum hóp hvað þetta varðar þar sem mikið var lagt í

26 Hildur Gestsdóttir og Oddgeir Hansson (2006), bls. 14 og 18.

27 Orra Vésteinsson (2001), bls. 36.

28 Hildur Gestsdóttir og Oddgeir Hansson (2006), bls.14 - 15.

29 Orra Vésteinsson (2001), bls. 36.

30 Hildur Gestsdóttir og Oddgeir Hansson (2006), bls. 18.

31 Roberts, H.M. (2004), bls. 42-44.

32 Oddgeir Isaksen (2012), bls. 22-26.



Mynd 20. Kristjana að hæðarmæla alla tóftina í ausandi rigningu

gerð þess og þá virðist það einnig hafa verið töluvert stærra. Áætla má að heyið sem sett var í staðið hafi fyllt alla tóftina og yfir vegg³³ og því má áætla að heystæðið hafi verið um 45 m² að stærð. Erfiðara er að gera sért grein fyrir því hveru há heysátan í því var en ef er gert ráð fyrir að hún hafi verið á bilinu 1,5 - 2 m á hæð hefur staðið tekið um 68-90 m³. Ekki mun hafa verið heyjað handa öðrum skepnum en kúm á því tímabili sem hér kemur til greina enda vísa örnefni í nágrenni við Vindásbæinn eins og Kúadalur og Fjóshóll til nautgripahalds. Í grein sinni um Gröf í Örafum áttar Gísli Gestsson um 20 m³ á kú³⁴ og ef stuðst er við það mat gæti heystæðið í Vindási hafa geymt heyföng fyrir 3 - 4 kúr.

Op var á öllum samanburðar-tóftunum sem nefndar voru hér að ofan nema á heystæðinu á Gásum. Samkvæmt fornleifskráningunni var tóftin í Vindási einnig skráð með op, syðst á suðvesturgaffli en þar reyndist ekkert op eftir að uppgreftri lauk. Einu líkurnar á því að op hafi verið á heystæðinu er að það hafi verið grafið í burtu þegar könnunarskururinn var grafinn 2022. Það kom þó ekkert í ljós við þá rannsókn sem gaf til kynna að þar hafi verið op og þá verður það líka að teljast ósennileg staðsening þar sem pæla [015/020] var þar fyrir framan. Það hefði verið mjög óhentugt að hafa gryfju framan við op sem átti að nota. Eins og gefur að skilja þá eru veggir heystæða yfirleitt ekki háir og því mjög auðvelt að komast yfir þá. Það má einnig draga það í efa að fólk hafi verið að eltast við að fara inn um opið þegar það

33 Jónas Jónasson & Einar Ólafur Sveinsson (1961), bls. 86.

34 Gísli Gestsson (1959), bls. 62.

var að vinna að því að hlaða þessi stæði. Hugsanlegt nýting á opi á heystæði væri til að veita vatni sem safnaðist inn í tóftina úr henni en þá hefði líka þurft að vera halli á botni hennar. Engin áberandi halli var á botni tóftarinnar í Vindási og var læsti hluti hans nokkuð miðsvæðis innan hennar. Þar sem heystæðin sem hér voru notuð til samanburðar voru aldrei grafin upp í heild sinni vitum við ekki hvort að opin sem sáust á þeim á yfirborði voru raunveruleg op eða ekki.

Heimildir

Bjarni F. Einarsson, Sandra Sif Einarsdóttir, Hrönn Konráðsdóttir & Þorvaldur Þórðarson (2008). Þjótandi við Þjórsá. Fornleifarannsóknir sumarið 2007. LV-2008/074. Reykjavík: Landsvirkjun.

Bjarni F. Einarsson (2009). Fornleifaskráning í Gnúpverjahreppi og Holta- og Landssveit vegna mats á umhverfisáhrifum Árnesevjar. Reykjavík: Fornleifafræðistofan

Einar Ólafur Sveinsson Séra Jónas Jónasson frá Hrafnagili. Íslenzkir þjóðhættir. Þriðja útgáfa Reykjavík 1961 Ísafoldarprentsmiðja

Gísli Gestsson (1959). Görf í Örnafum. Árbók hins íslenska fornleifafélags. Krísján Eldjárn (ritstj.) Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja

Hildur Gestsdóttir og Oddgeir Hansson (2006). Fornleifauppgröftur í landi Ráeyrar í Skútudal. FS329-06291. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses).

Jónas Jónasson & Einar Ólafur Sveinsson. (1961). Íslenzkir þjóðhættir (3. útgáfa). Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

Kristborg Þórsdóttir (ritstj.)(2020). Aðalskráning fornleifa í Rangárfingi ytra. Áfangaskýrsla IV. FS634-06194). Bindi I & II. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.

Lilja Laufey Davíðsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir (2023). Fornleifarannsókn vegna lagningu Búðafossvegar. Í landi Vindáss og Minnivalla í Rangárfingi ytra og Skaftholts í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. FS933-22451. Reykjavík; Fornleifastofnun Íslands ses

Lucas, Gavin. 2003. Archaeological field manual. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík

Oddgeir Isaksen (2012). Fornleifauppgröftur á Bakka á Tjörnesi 2012. FS503-12042. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.

Orra Vésteinsson (2001). Jarðgöng milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. FS141-0161. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses, bls. 36).

Ragnheiður Gló Gylfadóttir (rit.) (2022). Fornleifaskráning: Búðafossvegur. FS895-22291. Reykjavík; Fornleifastofnun Íslands ses

Roberts, H.M. (2004). Excavations at Gásir 2003. An interim report. FS238-01075. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.

Örnefnaskrá Vindáss. Ingólfur Einarsson skráði, 1972. Örnefnasvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Viðaukar

Einingaskrá

Eininganúmer / unit nr.	Tegund /Type	Keyword	Lýsing	Dags./Date	ID
001	D	Vélgarfið	Yfirborð	6/1/23	SÓ
002	D	Vindblásið torfhrun	Vindblásið torfhrunslag innan veggja tóftar	6/1/23	SGB
003	D	Vindblásið torfhrun	Torfhrun og vindblásið jarðlag ofaná vesturvegg tóftar	6/1/23	SGB
004	D	Vindblásið torfhrun	Torfhrun og vindblásið jarðlag ofaná suðvesturhorni toftar	6/1/23	SGB
005	D	Vindblásið torfhrun	Vindblásið torfhrun við suðurgafi tóftar	6/1/23	SGB
006	D	Vindblásið torfhrun	Torfhrun og vindblásið jarðefni ofaná utanverðum vesturvegg tóftar	6/2/23	SÓ
007	D	Vindblásið torfhrun	Torfhrun og vindblásið efni utan við norðausturhorn tóftar	6/2/23	AGAR
008	D	Torfhrun	Torfhrun, utan við suðvesturvegg tóftar	6/2/23	SÓ
009	D	Torfhrun	Torfhrun, hluti af vegg hruninn	6/2/23	SÓ
010	D	Vindblásið torfhrun	Torfhrun og vindblásið jarðefni inni í tóft	6/2/23	KV
011	D	Vindblásið torfhrun	Torfhrun og vindblásið jarðefni utan við tóft að austan og suðaustan verðu.	6/3/23	SGB
012	D	Torfhrun	Vindblásið torfhrun og heyleifar utan við norðvesturhorn tóftar	6/5/23	SÓ
013	D	Torfhrun	Torfhrun / Vegghrun	6/6/23	SGB
014	F	Fylling í pælu [015]. Byggingarlag	Fylling í pælu utan við suðurausturhorn tóftar. Byggingarlag.	6/6/23	AGAR
015	C	Skurður. Pæla	Skurður, pæla við suðurgafi tóftar	6/6/23	AGAR
016	D	Byggingarlag	Byggingarlag. Torfsnepplar, hreyft yfirborð sunnan tóftar	6/6/23	SGB
017	D	Vindblásið torfhrun	Torfhrun og vindblásið efni utan tóftar að vestan og norðvestanverðu	6/6/23	KV
018	D	Fylling í pælu [020]. Byggingarlag	Byggingarefni. Fylling í pælu, utan við suðurgafi tóftar	6/6/23	SGB
019	D	Fylling í pælu [025]. Vindblásið torfhrun	Fylling í pælu. Torfhrun og vindblásið jarðlag ofan í pælu ásamt heyleifum og byggingarlagi	6/7/23	SÓ
020	C	Skurður. Pæla	Skurður, pæla utan við suðurgafi tóftar	6/7/23	SGB
021	D	Vindblásið torfhrun	Torfhrun og vindblásið jarðefni syðst og utan við vesturvegg tóftar	6/7/23	AGAR
022	C	Pálför	Pálför	6/7/23	AGAR/ SGB
023	D	Torfveggur	Torfhláðnir veggir tóftarinnar	6/7/23	KV
024	C	Skurður. Pæla	Skurður, pæla utan við norðurgafi tóftar	6/8/23	SÓ
025	C	Skurður. Pæla	Skurður, pæla utan við austurvegg tóftar	6/8/23	SÓ
026	F	Fylling í pælu [028]	Lífrænt fjólblátt jarðlag í pælu 028	6/8/23	SÓ/KV
027	D	Torfhrun	Torfhrun utan við norðvesturhorn tóftar	6/8/23	SGB/ KV
028	C	Skurður. Pæla	Pæla utan við vesturveggan megin	6/9/23	SGB/ SÓ
029	C		Skurður inn í tóft sunnan til	6/9/23	SGB/ SÓ

Fundaskrá

Leyfisnúmer	Site/ staður	MÍ number/ Rannsóknarnúmer	Find no./ Fund- amr.	Area/ Site no.	Context	Materi- al/Efni	Type	Gerð	Count/ Fjöldi	Description/infor- mation (GL)	Fundarda- gur Date/ dd.mm.yy	Finnandi/ ID
202211-0006	Vindás á Landi	2023-18	2023- 18-1		[002]	Bone	Animal Bone	Tooth	1	Animal bone. Tooth, likely from a caprine. Efst í torfhruni nærri miðjum V-vegg.	5/31/23	KV

Sýnaskrá

Natmus no	Site name/ Heiti staðar	Rannsóknar- númer	Site no/Nr. staðar	Sample no/ Sýnanúmer	Context/ Eining	Quantity/ Magn	Taken for/ sýnagerð	Date/Dags.	ID
202211-0006	Vindás á Landi	2023-18	RA-444:046	1	[006]	lítill poki	Gjóskusýni	2.6.2023	SÓ
202211-0006	Vindás á Landi	2023-18	RA-444:046	2	snið [015]	dós	Örformgerðarsýni	6.6.2023	SGB
202211-0006	Vindás á Landi	2023-18	RA-444:046	3	snið [015]	dós	Örformgerðarsýni	6.6.2023	SGB
202211-0006	Vindás á Landi	2023-18	RA-444:046	4	snið [015]	dós	Örformgerðarsýni	6.6.2023	SGB

Ljósmyndaskrá

Tegund / Type	Leyfisnúmer Mí	Rannsóknar- númer EJMIS / Research id	Rannsóknar- staður / Site name	Sýsla / County	Sveitarfélag / Local community	Heiti myndar / Picture ID	Svæði nr / Area ID	Eining / Context	Átt / Di- rection	Lýsing-Upplýsingar/Information	Dags / Date	Ljós- myndari / ID
Vettvangmynd	202211-0006	2023-18	Vindás á Landi	Rangár- vallasýsla	Rangárþing ytra	DSC.0001	RA-444:046	001	NV	Yfirborð tóftar áður en uppgröftur hófst	30.5.2023	AGAR
Vettvangmynd	202211-0006	2023-18	Vindás á Landi	Rangár- vallasýsla	Rangárþing ytra	DSC.0002	RA-444:046	001	NV	Yfirborð tóftar áður en uppgröftur hófst	30.5.2023	AGAR
Vettvangmynd	202211-0006	2023-18	Vindás á Landi	Rangár- vallasýsla	Rangárþing ytra	DSC.0003	RA-444:046	001	A	Yfirborð tóftar áður en uppgröftur hófst	30.5.2023	AGAR
Vettvangmynd	202211-0006	2023-18	Vindás á Landi	Rangár- vallasýsla	Rangárþing ytra	DSC.0004	RA-444:046	001	A	Yfirborð tóftar áður en uppgröftur hófst	30.5.2023	AGAR
Vettvangmynd	202211-0006	2023-18	Vindás á Landi	Rangár- vallasýsla	Rangárþing ytra	DSC.0005	RA-444:046	001	A	Yfirborð tóftar áður en uppgröftur hófst	30.5.2023	AGAR
Vettvangmynd	202211-0006	2023-18	Vindás á Landi	Rangár- vallasýsla	Rangárþing ytra	DSC.0006	RA-444:046	001	A	Yfirborð tóftar áður en uppgröftur hófst	30.5.2023	AGAR
Vettvangmynd	202211-0006	2023-18	Vindás á Landi	Rangár- vallasýsla	Rangárþing ytra	DSC.0007	RA-444:046	001	A	Unnið að yfirborðshreinsun	30.5.2023	AGAR
Vettvangmynd	202211-0006	2023-18	Vindás á Landi	Rangár- vallasýsla	Rangárþing ytra	DSC.0008	RA-444:046	001	A	Unnið að yfirborðshreinsun	30.5.2023	AGAR
Vettvangmynd	202211-0006	2023-18	Vindás á Landi	Rangár- vallasýsla	Rangárþing ytra	DSC.0009	RA-444:046	001	S	Unnið að yfirborðshreinsun	30.5.2023	AGAR
Vettvangmynd	202211-0006	2023-18	Vindás á Landi	Rangár- vallasýsla	Rangárþing ytra	DSC.0010	RA-444:046	001	S	Unnið að yfirborðshreinsun	30.5.2023	AGAR
Vettvangmynd	202211-0006	2023-18	Vindás á Landi	Rangár- vallasýsla	Rangárþing ytra	DSC.0011	RA-444:046	001	S	Unnið að yfirborðshreinsun	30.5.2023	AGAR
Vettvangmynd	202211-0006	2023-18	Vindás á Landi	Rangár- vallasýsla	Rangárþing ytra	DSC.0012	RA-444:046	001	S	Unnið að yfirborðshreinsun	30.5.2023	AGAR
Vettvangmynd	202211-0006	2023-18	Vindás á Landi	Rangár- vallasýsla	Rangárþing ytra	DSC.0013	RA-444:046	-	V	Vinnumynd	30.5.2023	AGAR
Vettvangmynd	202211-0006	2023-18	Vindás á Landi	Rangár- vallasýsla	Rangárþing ytra	DSC.0014	RA-444:046	-	V	Vinnumynd	30.5.2023	AGAR

Tegund / Type	Leyfisnúmer Mí	Rannsóknar- númer EJMIS / Research id	Rannsóknar- staður / Site name	Sýsla / County	Sveitarfélag / Local community	Heiti myndar / Picture ID	Svæði nr / Area ID	Eining / Context	Átt / Di- rection	Lýsing-Úplýsingar/Information	Dags / Date	Ljós- myndari / ID
Vettvangmynd	202211-0006	2023-18	Vindás á Landi	Rangár- vallasýsla	Rangárþing ytra	DSC.0015	RA-444:046	-	V	Vinnumynd	30.5.2023	AGAR
Vettvangmynd	202211-0006	2023-18	Vindás á Landi	Rangár- vallasýsla	Rangárþing ytra	DSC.0016	RA-444:046	-	N	Vinnumynd	31.5.2023	SÓ
Vettvangmynd	202211-0006	2023-18	Vindás á Landi	Rangár- vallasýsla	Rangárþing ytra	DSC.0017	RA-444:046	002	N	Yfirborð 002 fyrir uppgröft	31.5.2023	SÓ
Vettvangmynd	202211-0006	2023-18	Vindás á Landi	Rangár- vallasýsla	Rangárþing ytra	DSC.0018	RA-444:046	002	V	Yfirborð 002 fyrir uppgröft	31.5.2023	SÓ
Vettvangmynd	202211-0006	2023-18	Vindás á Landi	Rangár- vallasýsla	Rangárþing ytra	DSC.0019	RA-444:046	002	NV	Yfirborð 002 fyrir uppgröft	31.5.2023	SÓ
Vettvangmynd	202211-0006	2023-18	Vindás á Landi	Rangár- vallasýsla	Rangárþing ytra	DSC.0020	RA-444:046	002	V	Yfirborð 002 fyrir uppgröft	31.5.2023	SÓ
Vettvangmynd	202211-0006	2023-18	Vindás á Landi	Rangár- vallasýsla	Rangárþing ytra	DSC.0021	RA-444:046	002	V	Yfirborð 002 fyrir uppgröft	31.5.2023	SÓ
Vettvangmynd	202211-0006	2023-18	Vindás á Landi	Rangár- vallasýsla	Rangárþing ytra	DSC.0022	RA-444:046	002	V	Yfirborð 002 fyrir uppgröft	31.5.2023	SÓ
Vettvangmynd	202211-0006	2023-18	Vindás á Landi	Rangár- vallasýsla	Rangárþing ytra	DSC.0023	RA-444:046	002	S	Yfirborð 002 fyrir uppgröft	31.5.2023	SÓ
Vettvangmynd	202211-0006	2023-18	Vindás á Landi	Rangár- vallasýsla	Rangárþing ytra	DSC.0024	RA-444:046	002	S	Yfirborð 002 fyrir uppgröft	31.5.2023	SÓ
